

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Natalíu Lindar Hagalín frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið það verkefni að afnema kynjaskiptingu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem því verður við komið.

Greinargerð:

Meðvitund um málefni kynsegin einstaklinga í samfélaginu hefur farið vaxandi síðustu ár og meðfram henni hefur skapast umræða um þá útilokun sem kynjatvíhyggja hefur í för með sér. Þessi tvíhyggja birtist okkur á flestum stöðum í samfélagi okkar, líka í grunnskólum borgarinnar til að mynda með kynjaskiptum salernum, gjarnan í tímum á borð við íþróttir og jafnvel í hópaskiptingu í hefðbundinni faggreinakennslu. Þetta hefur í för með sér gífurlega neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem finna sig ekki innan þessarar tvíhyggju og getur haft í för með að þeir upplifi sig hvorki örugga né velkomna innan veggja skólans og úr því þarf að bæta.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal
e.u.